

Fundargerð

Opinn félagsfundur FHA haldinn 31. janúar, 2013 kl. 12:00

Boðaðir voru allir félagsmenn.

Dagskrá:

1. Helgi Gestsson kynnti kennslulíkanið

Fjallaði um mat á kennslu til launa. Líkanið var samþykkt árin 2002-2003, en það var unnið af vinnuhópi sem saman stóð af: Guðmundi H. Frímanssoni, Stefáni Jóhannssyni, Ögmundi Knútssyni, Helga Gestssyni og Árónu sigurðardóttir. En þessi hópur skoðaði meðal annars hvað það væri sem ætti að greiða fyrir, þætti eins og fyrirlestra, próf, verkefnayfirferð, umsjón og fjarkennslu. Þá voru nokkrir þættir fyrir utan líkanið eins og til dæmis, endurtökupróf, tilsögn og kennsla á öðru tungumáli en móðurmáli. Þessir þættir voru leystir með samning.

Námskeið eru flokkuð í fjóra flokka, A, B, C og D:

- Þá er verkefnahlutinn undir 20% af lokaeinkunn, reiknað er með 0,3 klst í verkefnayfirferð.
- Verkefnahlutinn er yfir 20%, greitt er 1,2 klst í verkefnayfirferð nemenda.
- Umfangsmikil verkefni og skiptur dæmatímahópur, 30% álag á B námskeið.
- Þar sem verkleg kennsla er og/eða tilraunir, 60% álag á B námskeið.

Fjarnámsgreiðslur eru eftirfarandi:

- Í gegnum fjarfundarbúnað með staðbundinni kennslu, 15% álag á heildareiningarfjölda námskeiðs.
- Í gegnum fjarfundarbúnað eingöngu – metið sem hefðbundin kennsla.
- Með endurtöku á námskeiði, þeas. Að námskeiðið er kennt á sama misseri og því hægt að samnýta þætti eins og prófagerð og verkefni.

Þegar einingar eru reiknaðar eru eftirfarandi þættir teknir inni:

- Fastur hluti – kennsluform og prófagerð.
- Breytilegur hluti – verkefni og prófayfirferð, leiðrétt í takt við þreyttar einingar.
- Umsjón – fastur og breytilegur hluti.

2. Launaflokkaröðun

Hjördís fjallaði um launaflokka og röðun í þá. Unnið er samkvæmt stofnanasamningi sem var samþykktur árið 2008.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:15
Vera Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.